

*Tónlistarskólinn í Grindavík*

# ***SKÓLANÁMSKRÁ***

Tónlistarskólinn í Grindavík

2021 – 2022

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	5
Saga Tónlistarskólans í Grindavík.....	6
Sérstaða Tónlistarskólans í Grindavík.....	7
Hagnýtar upplýsingar .....	8
Heimilisfang.....	8
Stjórnendur.....	8
Kennarar .....	9
Skóladagatal .....	11
Skipurit tónlistarskólans.....	12
Deildir tónlistarskólans.....	13
<b>Hlutverk og markmið tónlistarskólans .....</b>	<b>19</b>
Hlutverk tónlistarskóla er að:.....	19
Meginmarkmið Tónlistarskóla eru:.....	19
<i>Uppeldisleg markmið.....</i>	<i>19</i>
<i>Leikni-og skilningsmarkmið.....</i>	<i>20</i>
<i>Samfélagsleg markmið.....</i>	<i>21</i>
<b>Gildi.....</b>	<b>22</b>
Sköpun .....	22
Lýðræði og mannréttindi.....	22
Jafnrétti.....	22
Læsi .....	22
Sjálfbærni.....	22
Heilbrigði og velferð.....	23
<b>Til foreldra .....</b>	<b>24</b>
<b>Innritun og skólagjöld.....</b>	<b>24</b>
<b>Leiga á hljóðfærum .....</b>	<b>24</b>
<b>Hljóðfæranám og námskröfur.....</b>	<b>25</b>
<b>Heimavinna.....</b>	<b>25</b>
<b>Námsmat .....</b>	<b>25</b>
<b>Stigspróf / Áfangapróf.....</b>	<b>26</b>

Árspróf .....	26
Tónleikar.....	26
Kennslugreinar.....	27
<b>Yfirlit yfir námsframboð .....</b>	<b>28</b>
Forskóli .....	28
Strengjahljóðfæri.....	28
Blásturshljóðfæri.....	28
Hljómborðshljóðfæri.....	28
Söngur .....	28
Rytmísk tónlist .....	28
Tölvur og tónlist 1.....	29
Tölvur og tónlist 2.....	29
Tónfræðigreinar.....	29
<b>Námsefni, náms og kennsluáætlanir .....</b>	<b>30</b>
Grunnám.....	30
Miðnám .....	30
Framhaldsnám.....	30
<b>Námskröfur - heimavinna .....</b>	<b>31</b>
<b>Námsumhverfi .....</b>	<b>31</b>
<b>Húsnæði, tæki og búnaður .....</b>	<b>32</b>
<b>Skólareglur.....</b>	<b>33</b>
<b>Greinanámskrár .....</b>	<b>33</b>
Forskóli .....	33
Píanó .....	34
Fiðla.....	34
Gítar.....	34
Þverflauta.....	34
Klarínnett.....	34
Trompet.....	35
Slagverk.....	35
Rafgítar .....	35
Rafbassi.....	36
<b>Skólanámskrá – Innra prófakerfi.....</b>	<b>37</b>
Almennt um próf.....	37
Stigspróf/Áfangapróf í hljóðfæra- og söngnámi.....	37
Grunnám.....	37
Miðnám .....	37
Framhaldsnám.....	38
Árspróf í hljóðfæra- og söngnámi .....	38
<b>Fyrirkomulag prófa.....</b>	<b>39</b>
<b>Dæmi um prófkröfur .....</b>	<b>40</b>
Fiðla.....	40
Gítar.....	41

Píanó .....	42
Rafgítar .....	43
Slagverk / Trommur .....	44
Einsöngur.....	45
Trompet.....	45
Þverflauta.....	46
<b>Forskóli .....</b>	<b>47</b>
1. bekkur.....	47
2. bekkur.....	47
3. bekkur .....	48
<b>Hljóðfærakennsla 5. bekkja .....</b>	<b>49</b>
<b>Tveggja ára diplómanám .....</b>	<b>50</b>
Píanó fyrsta ár.....	50
Píanó annað ár.....	51
Söngur fyrsta ár.....	52
Söngur annað ár.....	53
Gítar fyrsta ár .....	54
Gítar annað ár .....	55
Lúðrasveitarnám fyrsta ár.....	56
Lúðrasveitarnám annað ár.....	57
<b>Framtíðarsýn.....</b>	<b>58</b>

## Inngangur

Þetta er fyrsta útgáfa af námskrá Tónlistarskólans í Grindavík. Skólanámskránni er ætlað að taka á flestu sem lýtur að skipulagi, námi og kennslu tónlistarskóla ásamt upplýsingum um fyrirkomulag prófa. Leitast er við að gefa góða heildarsýn yfir sem flesta þætti skólastarfsins, m.a. hvaða nám skólinn býður upp á og hverjum það er ætlað, uppbyggingu skólans og kennsluhætti. Leitast er við að þau gildi sem innleidd hafa verið í skólanámskrá annarra skólagerða verði einnig höfð sem leiðarljós í starfi Tónlistarskólans í Grindavík. Ætlunin er að námskráin verði lifandi plagg sem þróast með skólanum og verkefnum hans.

## Saga Tónlistarskólans í Grindavík

Tónlistarskóli Grindavíkur var stofnaður árið 1972 og var Eyjólfur Ólafsson ráðinn skólastjóri. Friðbjörn Gunnlaugsson skólastjóri grunnskólans réði Eyjólf að skólanum sem tón- og myndlistarkennara og var Friðbjörn svo aðalhvatamaður að stofnun tónlistarskólans. Svavar Árnason og Eiríkur Alexandersson samþykktu ráðningu Eyjólf fyrir hönd bæjarins. Þegar tónlistarskólinn var stofnaður var ekkert húsnæði tilbúið fyrir skólann. Eyjólfur skoðaði hús sem Kvenfélag Grindavíkur átti „Kvennó“ en það hús var í niðurníðslu. Eyjólfur lagði þar hönd á plóg ásamt góðum mönnum og standsettu þeir húsið sem er enn í notkun. Síðar fékk skólinn aðstöðu í Lágafelli að Víkurbraut 34.

Skólastjórar tónlistarskólans frá upphafi eru:

- Eyjólfur Ólafsson var skólastjóri Tónlistarskólans 1972-1982
- Jón E. Hjaltason var skólastjóri Tónlistarskólans 1982-1989.
- Veturinn 1989-1990 lá starfsemi skólans niðri að hluta og voru einungis 2 kennarar starfandi þann vetur, þau Inga Björk Runólfsdóttir og Eiríkur Árni Sigtryggsson.
- Siguróli Geirsson var skólastjóri Tónlistarskólans 1990-1998.
- Inga Björk Runólfsdóttir var settur skólastjóri Tónlistarskólans á vorönn í veikindaleyfi Siguróla 1999.
- Guðmundur Emilsson var skólastjóri Tónlistarskólans 1999-2001.
- Gunnar Kristmannsson var skólastjóri Tónlistarskólans 2001-2008.
- Inga Björk Runólfsdóttir leysti af sem skólastjóri Tónlistarskólans á vorönn 2007 meðan Gunnar var í feðraorlofi.
- Núverandi skólastjóri er Inga Þórðardóttir og hefur hún gegnt því starfi frá árinu 2008.

Tónlistarskólinn flutti í nýtt húsnæði, Iðuna að Ásabraut 2 í ágúst 2014 og starfar þar nú.

## Sérstaða Tónlistarskólans í Grindavík

Tónlistarskólinn í Grindavík hefur tekið í notkun nýja kennsluaðferð sem nefnist Eftirfylgniaðferð. Aðferðin hefur þróast úr speglaðri kennslu. Inga Þórðardóttir skólastjóri Tónlistarskólans í Grindavík útfærði, aðlagði og sneið aðferðina að tónlistarkennslu svo úr varð Eftirfylgniaðferðin. Þessi aðferð miðar að því að styðja nemendur við æfingar heima, jafnt á hljóðfæri sem og fræðigreinum. Aðferðin er notuð með hefðbundinni einkakennslu á hljóðfæri. Til þess að geta kennt með aðferðinni þarf að koma spjaldtölvum á þar til gerðum gólfstandi fyrir í kennslustofunum.

Eftirfylgniaðferðin virkar á þann veg að þegar kennari er að leggja áherslu og útskýra fyrir nemandanum heimavinnuna á hljóðfærið, söng eða fræðigreinar tekur hann upp á spjaldtölvuna, um leið og hann útskýrir fyrir nemandanum. Skilji nemandinn ekki útskýringar kennarans eða vill fá nákvæmari útlistun, spyr hann og fer svarið og frekari útskýringar þá einnig inn á myndbandið. Nemandinn hefur svo aðgang að myndbandinu í gegnum sérstaka vefsíðu þar sem nemandinn þarf kóða frá kennara til þess að nálgast verkefnið. Kennarinn stjórnar því hversu lengi myndbandið birtist nemandanum með því að stilla inn tíma. Kennari sér einnig hvort að nemandi hafi opnað myndbandið/verkefnið. Fræðigreinar er hægt að útfæra á sama hátt. Blaðsíðurnar eru skannaðar inn og útskýringar kennarans settar inn á myndbandið og nemandi getur skoðað það þegar að heim er komið.

Kennari getur breytt aðgengi nemenda með því að ýta á einn hnapp og við það endurnýjast kóðinn á verkefnið sem kennarinn getur síðan útdeilt á nýjan leik. Ekki er hægt að hala niður verkefnunum né prenta út. Nemendur eru eftir sem áður með sínar bækur enda aðferðin hugsuð sem viðbót þar sem útskýringar kennarans á áhersluatriðum verkefnisins fara inn á myndböndin.

# Hagnýtar upplýsingar

## Heimilisfang



Tónlistarskólinn í Grindavík  
Ásabraut 2  
240 Grindavík  
Sími: 4201130  
Netfang: [tonlistarskolinn@grindavik.is](mailto:tonlistarskolinn@grindavik.is)

## Stjórnendur

Skólastjóri: Inga Þórðardóttir  
Beint númer: 420-1133  
Gsm: 660-7309  
Netfang: [inga@grindavik.is](mailto:inga@grindavik.is)

Verkefnastjóri: Arnar Freyr Valsson  
Gsm: 849-4981  
Netfang: [arnarv@grindavik.is](mailto:arnarv@grindavik.is)

Verkefnastjóri: Inga Björk Runólfsdóttir  
Gsm: 862-8665  
Netfang: [ingabjork@grindavik.is](mailto:ingabjork@grindavik.is)

Verkefnastjóri: Telma Sif Reynisdóttir  
Gsm: 773-7223  
Netfang: [telma@grindavik.is](mailto:telma@grindavik.is)



## Kennarar

Arnar Freyr Valsson – Gítar

Gsm: 849-4981

Netfang: [arnarv@grindavik.is](mailto:arnarv@grindavik.is)

Guðjón Magnússon – Fiðla – Selló

Gsm: 848-3563

Netfang: [gudjonm@grindavik.is](mailto:gudjonm@grindavik.is)

Inga Björk Runólfsdóttir – Trompet – Althorn - Forskóli

Gsm: 862-8665

Netfang: [ingabjork@grindavik.is](mailto:ingabjork@grindavik.is)

Inga Þórðardóttir - Skólastjórn - Gítar - Tónlist & Tölvur

Beinn sími skólastjóra: 4201133

Gsm: 660-7309

Netfang: [inga@grindavik.is](mailto:inga@grindavik.is)

Kristinn Snær Agnarsson – Slagverk – Tónlist & tölvur

Gsm: 846-2486

Netfang: [kristinna@grindavik.is](mailto:kristinna@grindavik.is)

Kristín R. Sigurðardóttir – Forskóli

Gsm: 699-4686

Netfang: [kristins@grindavik.is](mailto:kristins@grindavik.is)

Rósalind Gísladóttir – Söngur – Tónfræði – Tónheyrn

Gsm: 823-3289

Netfang: [rosalind@grindavik.is](mailto:rosalind@grindavik.is)

Telma Sif Reynisdóttir - Þverflauta

Gsm: 773-7223

Netfang: [telma@grindavik.is](mailto:telma@grindavik.is)

Örvar Ingi Jóhannesson – Píanó

Gsm: 857-3224

Netfang: [orvar@grindavik.is](mailto:orvar@grindavik.is)

ÁÐDET	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. S.	1. M.	1. F.	1. M.	1. L.	1. L.	1. M.	1. F.	1. F.	1. S.	1. M.	1. F.
2. M. (Dagur ummáttamála)	2. F.	2. L.	2. S.	2. F.	2. F.	2. M.	2. M.	2. L.	2. M.	2. F.	2. L.
3. Þ.	3. F.	3. S.	3. M.	3. F.	3. F.	3. F.	3. F.	3. S.	3. Þ.	3. F.	3. S.
4. M.	4. L.	4. M.	4. F.	4. L.	4. S.	4. F.	4. F.	4. M.	4. M.	4. L.	4. M.
5. F.	5. S.	5. Þ.	5. F.	5. S.	5. S.	5. L.	5. L.	5. Þ.	5. F.	5. S.	5. Þ.
6. F.	6. M.	6. M.	6. L.	6. M.	6. F.	6. M.	6. S.	6. M.	6. F.	6. M.	6. M.
7. L.	7. Þ.	7. F.	7. S.	7. Þ.	7. F.	7. S.	7. M.	7. F.	7. L.	7. Þ.	7. F.
8. S.	8. M.	8. Þ.	8. M.	8. L.	8. M.	8. Þ.	8. F.	8. F.	8. S.	8. M.	8. F.
9. M.	9. F.	9. L.	9. S.	9. F.	9. F.	9. M.	9. M.	9. L.	9. M.	9. F.	9. L.
10. Þ.	10. F.	10. S.	10. M.	10. F.	10. M.	10. F.	10. F.	10. Þ.	10. Þ.	10. F.	10. S.
11. M.	11. L.	11. M.	11. F.	11. L.	11. Þ.	11. F.	11. F.	11. M.	11. M.	11. L.	11. M.
12. F.	12. S.	12. Þ.	12. F.	12. S.	12. S.	12. L.	12. L.	12. Þ.	12. Þ.	12. S.	12. Þ.
13. F.	13. M.	13. M.	13. L.	13. M.	13. F.	13. S.	13. S.	13. F.	13. F.	13. M.	13. M.
14. L.	14. Þ.	14. F.	14. S.	14. Þ.	14. F.	14. M.	14. M.	14. L.	14. L.	14. Þ.	14. F.
15. S.	15. M.	15. F.	15. M.	15. L.	15. L.	15. Þ.	15. Þ.	15. M.	15. M.	15. F.	15. F.
16. F. (Dagur skólanna tekur)	16. L.	16. M.	16. F.	16. S.	16. S.	16. M.	16. M.	16. L.	16. M.	16. L.	16. M.
17. Þ.	17. F.	17. S.	17. M.	17. F.	17. F.	17. F.	17. F.	17. S.	17. Þ.	17. F.	17. S.
18. M. Undirbúningur	18. L.	18. M.	18. F.	18. L.	18. Þ.	18. F.	18. F.	18. M.	18. M.	18. L.	18. M.
19. F. Undirbúningur	19. S.	19. Þ.	19. F.	19. S.	19. S.	19. M.	19. L.	19. Þ.	19. Þ.	19. S.	19. Þ.
20. F. Undirbúningur	20. M.	20. M.	20. L.	20. M.	20. F.	20. S.	20. S.	20. F.	20. F.	20. M.	20. M.
21. L.	21. Þ.	21. F.	21. S.	21. Þ.	21. F.	21. M.	21. M.	21. L.	21. L.	21. Þ.	21. F.
22. S.	22. M.	22. F.	22. M.	22. L.	22. L.	22. Þ.	22. Þ.	22. M.	22. M.	22. F.	22. F.
23. M. Undirbúningur	23. F.	23. L.	23. M.	23. F.	23. F.	23. M.	23. M.	23. L.	23. L.	23. Þ.	23. L.
24. M. Kennsla heft	24. F. Starfsdagur	24. S.	24. M.	24. F.	24. F.	24. F.	24. F.	24. S.	24. F.	24. F.	24. S.
25. M.	25. L.	25. M.	25. F.	25. L.	25. Þ.	25. F.	25. F.	25. M.	25. M.	25. L.	25. M.
26. F.	26. S.	26. Þ.	26. F.	26. S.	26. S.	26. L.	26. L.	26. Þ.	26. Þ.	26. S.	26. Þ.
27. F.	27. M.	27. M.	27. L.	27. M.	27. F.	27. S.	27. S.	27. F.	27. F.	27. M.	27. M.
28. L.	28. Þ.	28. F.	28. S.	28. Þ.	28. F.	28. M.	28. M.	28. L.	28. L.	28. Þ.	28. F.
29. S.	29. M.	29. F.	29. M.	29. L.	29. L.	29. Þ.	29. Þ.	29. M.	29. M.	29. F.	29. F.
30. M.	30. F.	30. L.	30. M.	30. F.	30. F.	30. M.	30. M.	30. L.	30. M.	30. F.	30. L.
31. Þ.	31. M.	31. F.	31. M.	31. L.	31. Þ.	31. F.	31. F.	31. S.	31. Þ.	31. S.	31. S.

## Skipurit tónlistarskólans



## Deildir tónlistarskólans



# Tónlistarskólinn í Grindavík

Klassísk deild		Forskóli, Fræðigreinar og hljóðfæra- val		Blásaradeild			Rytmísk deild	
Leið A	Leið B	Leið A	Leið B	Leið A	Leið B	Leið C	Leið A	Leið B
Nám samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla	Tveggja ára nám í hljómaleik, samspili og valgreinum eftir námskrá Tónlistarskólans í Grindavík	Nám í fræðigreinum samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla	Nám í tónlist, blokkflautu- og hljóðfæraleik ásamt fræðigreinum eftir námskrá Tónlistarskólans í Grindavík	Nám samkvæmt blástursnámskrá aðalnámskrár tónlistarskóla	Tveggja ára nám á blásturs- hljóðfæri og samspil ásamt tónfræði samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík	Lúðrasveitarnám. Hóptími í hljóðfærakennslu 1 – 3 saman og samspil samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík	Nám samkvæmt rytmískri námskrá aðalnámskrár tónlistarskóla	Tveggja ára nám í hljómaleik, samspili og valgreinum samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík

# Klassísk deild

## Leið A

**Hljóðfæranám samkvæmt klassískri námskrá aðalnámskrár tónlistarskóla.**

- Hljóðfæraleikur 2 x 30 mín
- Tónfræði
- Tónheyrn
- Tónlistarsaga
- Hljómfræði
- Samspil
- Valgreinar

## Leið B

**Tveggja ára nám í hljóðfæraleik með áherslu á hljóma, undirleik og samspil samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík.**

- Hljóðfæraleikur 2 x 30 mín
- Tónfræði
- Samspil
- Valgreinar

# Forskóli, fræðigreinar og hljóðfæraval

<b>Forskóli</b>	<b>Fræðigreinar</b>	<b>Hljóðfæraval 5. bekkja og Valgreinar 8 – 10 bekkja</b>
<p>Forskólakennsla samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík.</p> <p>Forskólakennsla 2021 – 2022 er:</p> <p>Forskólakennsla 2. b. 1x 40 mín.</p> <p>Forskólakennsla 3. b. 1x 40 mín.</p> <p>Smiðjukennsla 1.b. 2x 60 mín.</p> <p>Smiðjukennsla 2.b. 2x 60 mín.</p> <p>Smiðjukennsla 3.b. 2x 60 mín.</p>	<p>Fræðigreinar samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tónfræði 1 – 5</li> <li>• Tónheyrn 1 - 5</li> <li>• Tónlistarsaga 1 – 5</li> <li>• Tónlistarsaga frh. 1</li> <li>• Tónlistarsaga frh. 2</li> <li>• Hljómfræði 1</li> <li>• Hljómfræði 2</li> </ul> <p>Samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tónlist og tölvur</li> </ul>	<p>Samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík</p> <p>4. bekkur: Eins árs hljóðfærakynning sem skiptist í þrjár annir þar sem kennd eru undirstöðuatriði á þrjú hljóðfæri að vali nemenda.</p> <p>Valgreinar í 8 – 10 bekk: Tónlist &amp; Tölvur</p>



# Blásaradeild

<b>Leið A</b>	<b>Leið B</b>	<b>Leið C</b>
<p data-bbox="280 497 777 662"><b>Hljóðfæranám samkvæmt blásaranámskrá aðalnámskrár tónlistarskóla.</b></p> <ul data-bbox="280 821 741 1264" style="list-style-type: none"><li>• Hljóðfærakennsla 2x30 mín</li><li>• Tónfræði</li><li>• Tónheyrn</li><li>• Tónlistarsaga</li><li>• Hljómfræði</li><li>• Samspil</li><li>• Valgreinar</li></ul>	<p data-bbox="864 497 1487 726"><b>2 ára lúðrasveitarnám. Hljóðfærakennsla með áherslu á samspil í lúðrasveit samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík.</b></p> <ul data-bbox="907 817 1370 1053" style="list-style-type: none"><li>• Hljóðfærakennsla 1x30 mín</li><li>• Tónfræði</li><li>• Samspil</li><li>• Valgreinar</li></ul>	<p data-bbox="1532 497 2143 726"><b>Lúðrasveitarnám. Hljóðfærakennsla með áherslu samspil í lúðrasveit. Samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík.</b></p> <ul data-bbox="1574 821 2148 1002" style="list-style-type: none"><li>• Hljóðfærakennsla 1x30 mín 3 í hóp</li><li>• Samspil</li><li>• Valgreinar</li></ul>

# Rytmísk deild

## Leið A

- Hljóðfæranám samkvæmt rytmískri námskrá aðalnámskrár tónlistarskóla
- Hljóðfæraleikur 2 x 30 mín
- Tónfræði
- Tónheyrn
- Tónlistarsaga
- Hljómfræði
- Samspil
- Valgreinar

## Leið B

- Tveggja ára nám
- Hljóðfæraleikur með áherslu á hljóma og undirleik samkvæmt námskrá Tónlistarskólans í Grindavík
- Hljóðfæraleikur 2 x 30 mín
- Tónfræði
- Samspil
- Valgreinar

## Hlutverk og markmið tónlistarskólans

### Hlutverk tónlistarskóla er að:

- **Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar**, m.a. með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á sviði hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðagreina
- **Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur**, m.a. með því að veita undirstöðupekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnframt því að örva þá til að leika tónlist og syngja, bæði eina og með öðrum
- **Búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi**, m.a. með því að veita þeim góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik og söng, markvissa þjálfun í tónfræðagreinum og tækifæri til að koma fram
- **Stuðla að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi**, með samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn.

### Meginmarkmið Tónlistarskóla eru:

#### Uppeldisleg markmið

##### 1. Nemendur öðlist lífandi áhuga á tónlist og tónlistariðkun með því að:

- syngja og leika á hljóðæri
- hlusta á fjölbreytta tónlist við margs kona aðstæður
- skapa eigin tónlist
- taka þátt í samleik og samsöng
- koma fram á tónleikum

Auk þessa stuðli tónlistarnám að því að efla sjálfsmynd nemenda, einbeitingarhæfni þeirra og hæfni til að vinna með öðrum.

## Leikni-og skilningsmarkmið

### 1. Sjálfstæð vinnubrögð

Nemendur:

- læri og æfist að leika tónlist eftir nótum, jafnt undibúið sem óundirbúið
- æfist í að leika og syngja eftir heyrn og minni

### 2. Hlustun og skilningur

#### *1. að nemendur:*

- læri að heyra og skilja frum- og túlkunarþætti tónlistar

#### *2. Nemendur læri að njóta tónlistar og upplifa hana sem:*

- hlustendur
- þátttakendur öðlist þekkingu, geti greint og gert grein fyrir ólíkum tónlistarstefnum, stíltegundum og tímabilum

### 3. Sköpun eigin tónlistar

Nemendur:

- læri og þjálfist í að setja fram eigin tónhugmyndir, bæði skriflega og leiknar af fingrum fram
- læri og þjálfist í að setja saman hefðbundnar eða óhefðbundnar tónsmíðar
- læri og þjálfist í að spinna út frá gefnu upphafi, hljómferli eða eftir öðrum aðferðum

### 4. Túlkun tónlistar og flutningur

Nemendur:

- þjálfist í að túlka tónlist með tilliti til aldurs og stíls tónverka
- læri að flytja og túlka tónlist með tilliti til greiningar á viðkomandi verkum
- þjálfist í að flytja tónverk með tilliti til tilfinningalegs innihalds þeirra

## Samfélagsleg markmið

- Veita öllum, sem þess æskja, færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun
- Skapa nemendum tækifæri til tónlistarflutnings, jafnt innan skóla sem utan
- Stuðla að aukinni þátttöku áhugafólks í tónlistarlífi
- Stuðla að góðri fagmenntun tónlistarmanna og tónlistarkennara
- Efla tónlistarlíf í samfélaginu
- Stuðla að góðum undirbúningi undir margvísleg tónlistarstörf
- Efla íslenska tónmenningu og beita sér fyrir varðveislu tónlistararfs þjóðarinnar

## Gildi

### Sköpun

Hluti af því að læra á hljóðfæri er sköpun, að búa til laglínu eða lag. Þar fær nemandi tækifæri á annarri nálgun við spilamennsku, hún færir nær honum og tengingin verður persónulegri við hljóðfærið, dýpkar skilning nemandans og er þroskandi fyrir viðkomandi. Nemandinn fær tækifæri til að sýna afrakstur sinn á tónleikum. Einnig er valþáttur á prófi að búa til sitt eigið lag eða útsetningu á lagi sem þegar er til. Sköpun virkjar frumkvæði, sjálfstæði og sköpunarkraft nemandans.

### Lýðræði og mannréttindi

Virðing og lýðræðisleg vinnubrögð skulu ávallt viðhöfð í skólastofunni. Ef geta nemanda er skert t.d. við lestur nótna eða takts þá skal finna viðeigandi lausnir á vandanum. Einnig á að virða ólíkan uppruna nemanda og félagslegan og menningarlegan bakgrunn hans.

### Jafnrétti

Nemendur eiga að fá jafnan rétt til að læra á hljóðfæri sama á hvaða aldri þeir eru. Kyn, trúarbrögð, tungumál eða þjóðerni á ekki að skipta máli. Nemandi á rétt á að fá að rækta hæfileika sína. Umburðarlyndi, víðsýni og jafnrétti skal ávallt viðhöfð í skólastofunni.

### Læsi

Læsi felur í sér að nemandi geti ráðið í hvers konar lag það er, sem hann ætlar að flytja. Ekki bara að lesa nótur af blaði án tilfinninga, heldur á nemandi að öðlast þjálfun í að sjá hvers konar lag er á ferð, gleði, depurð, léttleiki, hratt, hægt, auka styrk, minnka styrk, þ.e. að túlka lagið. Nemandi þjálfast í að lesa slíkar áherslur en þegar lengra líður í námi þá fer nemandi að öðlast meiri færni í merkingarsköpun lagsins og lærir að skynja/túlka það sem höfundur lagsins reynir að ná fram. Færnin í að greina lag þjálfast mishratt hjá hverjum og einum.

### Sjálfbærni

Þegar nemandi hefur nám á hljóðfæri þekkir hann yfirleitt lítið til hljóðfærisins eða aðferða til að leika á það. Sama á við um hvort hann hafi í raun áhuga á að leggja tónlistina fyrir sig. Þessi hugsun þróast síðan þegar lengra dregur í náminu. Með samspili, reynslu í að koma fram og færni á hljóðfærið áttar nemandinn sig oft á því hvaða stefnu hann vill taka í náminu. Færni, hæfileikar, hvatning og áhugi geta svo ýtt nemanda áfram og gerir hann færna um að skapa sín eigin tækifæri og verður sjálfbær tónlistariðkandi ef svo má kalla.

## Heilbrigði og velferð

Kennsla á hljóðfæri skal vera einstaklingsbundin og haga skal fræðslunni á þann veg að kennari mætir nemandanum þar sem hann er staddur í getu og áhuga. Virðing skal viðhöfð í tímum sem og gagnkvæmur skilningur og traust. Án tengingar og trausts er ekki mögulegt að koma neinni þekkingu eða fræðslu til skila. Uppbyggjandi leiðsögn er nauðsynleg og viðurkenning fyrir það sem vel er gert. Hafa skal ávallt gott loft og næga birtu í kennslustofunni svo það dragi ekki úr kennslugæðum. Kennt er að bera sig rétt að, svo nemandi fái ekki verki í axlir, herðar og háls. Einnig er kennd rétt staða ef að nemandi situr.

## Til foreldra

Gott samband milli heimilis og tónlistarskóla er afar þýðingarmikið, ekki síst með tilliti til þess að tónlistarnám er að mestu leyti sjálfsnám sem fram fer á heimili nemenda. Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins. Foreldrar/forráðamenn þurfa að sýna náminu áhuga og fylgjast með framvindu þess.

Nauðsynlegt er að nemendur geti æft sig þar sem þeir verða ekki fyrir ónæði. Ungum nemendum þarf að hjálpa við að skipuleggja æfingatíma sinn vel. Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig heldur oft og skemur í senn, en sjaldnar og lengur. Daglegar æfingar eru nauðsynlegar til að eðlilegar framfarir eigi sér stað. Ef nemandinn sýnir merki um leiða í námi er oft nóg að hafa samband við kennara og skipta um viðfangsefni til að glæða áhugann á ný. Áhugi foreldra og annarra aðstandenda skiptir miklu máli og eru foreldrar hvattir til að sækja vel tónleika og fylgjast með framförum barna sinna. Öllum íbúum bæjarfélagsins er heimil innganga í tónlistarskólann.

## Innritun og skólagjöld

Innritun nemenda fer að mestu fram rafrænt

<https://www.schoolarchive.net/school/AdmissionForm.aspx?orgId=27>

Systkinaafsláttur er veittur; 50% af öðru og 75% af þriðja barni.

## Leiga á hljóðfærum

Foreldrar/forráðamenn nemenda sem hafa hljóðfæri á leigu bera fulla ábyrgð á þeim. Gerður er leigusamningur að hausti þar sem foreldrar skrifa undir og leigugjald er greitt.



## Hljóðfæranám og námskröfur

Skólinn kennir eftir aðalnámskrá sem útgefin er af Menntamálaráðuneytinu.

Hljóðfærakennsla fer fram í einkatímum; yngri nemendur mæta tvisvar í viku, 30 mínútur í senn, en eldri nemendur geta fengið klukkutíma kennslu einu sinni í viku. Námsfni og áfangapróf (stigspróf) taka mið af þeim hljóðfæranámskrám sem til eru. Hljóðfærakennarinn semur einstaklingsbundna námsáætlun fyrir hvern nemanda, sem tekur mið af þroska hans, áhuga, vinnugleði og næmi. Töluverður munur getur verið á yfirferð nemenda, sumir vinna hratt, aðrir hægar.

## Heimavinna

Hljóðfæranám byggir á heimavinnu nemandans, þ.e. á reglubundnum daglegum æfingum á hljóðfærið. Góðar æfingavenjur lærast smám saman eins og annað. Í þessu sambandi er stuðningur foreldra mjög mikilvægur, sérstaklega meðan nemendur eru ungir og óreyndir og hafa enn ekki tamið sér góð vinnubrögð. Stuðningur foreldra þarf alls ekki að vera fagmannlegur; aðalatriðið er að foreldrar sýni áhuga á heimavinnu barnsins, séu jákvæðir og hvetjandi og beiti svolitlu aðhaldi með því að minna á æfingarnar og halda barninu við efnið. Þegar daglegar æfingar nemandans eru orðnar að vana, t.d. hjá eldri nemendum, þarf minna aðhald. Jákvæður áhugi og forvitni foreldra er þó alltaf af hinu góða.

## Námsmat

Megintilgangur námsmats er að örva nemendur, aðstoða þá við námið og hvetja til sjálfsmats. Meta þarf alla þætti námsins svo sem skilning, þekkingu, leikni og hvort nemandi sýni framfarir. Matið þarf að endurspeglar lærdómssamfélag skólans. Formlegri þættir námsmatsins felast meðal annars í stigsprófum, áfangaprófum, ársprófum ásamt öðrum prófum og einnig vormati þar sem m.a. kemur fram umsögn kennara um ástundun og árangur. Frammistaða nemenda á tónleikum er ekki metin formlega en er eigi að síður þáttur í almennu mati á námi þeirra. Óformlegt mat fer stöðugt fram í samskiptum nemenda og kennara sem og í öðru starfi skólans.

## Stigspróf / Áfangapróf

Kennari metur hvenær nemandi er fær um að taka stigspróf eða áfangapróf. Prófin eru tekin þegar nemandinn er að mati kennara tilbúinn til þess og hefur tileinkað sér hæfilegt námsefni úr viðkomandi stigi samkvæmt hljóðfæranámskrá.

Í hljóðfæranámskrám er námsefninu skipt í þrjá áfanga; grunnpróf, miðpróf og framhaldspróf. Þau eru tekin skv. forskrift og reglum prófanefndar og dæmd af utanaðkomandi prófdómurum. Fyrir utan áfangapróf, eru stigsprófin notuð við skólann í eftirfarandi röð: 1. stig, 2. stig, grunnpróf, 4. stig, miðpróf, 6. stig, 7. stig og framhaldspróf.

## Árspróf

Árspróf eru tekin á hverju vori áður en skóla lýkur. Einnig eru tekin vorpróf í tónfræðigreinum og er þá prófað í munnlegri og skriflegri tónheyrn, hlustun og greiningu auk tónfræðilegra þekkingaratriða.

## Tónleikar

Tónleikahald við skólann er öflugt og mikið lagt upp úr því að gefa nemendum sem flest tækifæri til að koma fram. Allir hljóðfæranemendur koma fram a.m.k. tvisvar sinnum á mánaðarlegum tónfundum skólans auk jóla- og vortónleika. Til þess að nemandi geti komið fram á tónleikum, skiptir máli að hann vinni vel að undirbúningi og sé tilbúinn með þau verk sem hann er að æfa. Mælt er til þess að nemendur séu snyrtilegir og mæti tímanlega fyrir tónleika.

# Kennslugreinar

## Hljóðfæri og söngnám

Kennt er á eftirtalin hljóðfæri í Tónlistarskólanum í Grindavík:

- Básúna
- Fiðla
- Gítar, klassískur
- Hljómborð
- Klarínett
- Píanó
- Rafbassi
- Rafgítar
- Selló
- Slagverk/trommur
- Söngur
- Trompet
- Tölvur og tónlist 1
- Tölvur og tónlist 2
- Þverflauta

## Tónfræðigreinar

- Tónfræði
- Tónheyrn
- Hljómfræði
- Tónlistarsaga

Tónfræðigreinar eru skilgreindar í aðalnámskrá og eru kenndar samhliða hljóðfæranámi. Þegar nemandi þreytir stigspróf á hljóðfæri sitt þarf hann að hafa lokið sambærilegu prófi í tónfræðum. Þegar áfangapróf er þreytt á hljóðfæri fær nemandi ekki prófskírteini afhent nema að loknu sambærilegu prófi í tónfræðum.

## Yfirlit yfir námsframboð

### Forskóli

Nemendur velja sér hljóðfæri til að læra á að forskóla loknum.

Á flest hljóðfæri er hægt að hefja nám við átta ára aldur en það er þó ekki algild regla.

### Strengjahljóðfæri

Æskilegt er að nemendur hefji ungir nám á strengjahljóðfæri. Skólinn leigir út hljóðfæri gegn vægu gjaldi en síðan er ætlast til þess að nemandinn eignist sitt eigið hljóðfæri. Nemendur fá auk einkakennslunnar samspilstíma þar sem nemandinn lærir að spila með öðrum nemendum og þróa með því félagslegan tónlistarþroska.

### Blásturshljóðfæri

Nám á trompet getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á hljóðfærið og fullorðinsframtennur eru komnar á sinn stað. Algengast er að námið hefjist þegar nemendur eru á aldrinum 8 - 10 ára. Oft þykir heppilegt að nemendur hefji nám á kornett þar sem það er léttara og meðfærilegra en trompetinn. Samspil í lúðrasveitum og öðrum samleikshópum er skemmtilegur hluti af náminu. Skólinn leigir út hljóðfæri gegn vægu gjaldi en síðan er ætlast til þess að nemandinn eignist sitt eigið hljóðfæri.

### Hljómborðshljóðfæri

Hefðbundið píanónám mótast að verulegu leyti af rótgrónu einleikshlutverki hljóðfærisins í tónbókmenntum. Jafnframt er píanó mikilvægt samleikshljóðfæri og með auknu valdi á nótnalestri opnast ýmsir möguleikar á samspili. Það er æskilegt að píanó sé á heimili þess barns sem ætlar í píanónám. Við kaup á hljóðfæri er hægt að hafa samráð við hljóðfærakennarann.

### Söngur

Það er nokkuð misjafnt eftir einstaklingum hvenær ráðlegt er að hefja söngnám. Algengt er að stúlkur séu tilbúnar til þess u.þ.b. 16 ára og drengir u.þ.b. 18 ára. Fyrir lengra komna er gert ráð fyrir undirleikstímum samhliða söngnáminu.

### Rytmísk tónlist

Hljóðfæranám í rytmískri tónlist er tvíþætt, annars vegar þurfa nemendur að ná góðum tæknilegum tökum á hljóðfærum sínum á sambærilegan hátt og nemendur í hefðbundnu tónlistarnámi. Hins vegar snýst námið um þjálfun í spuna og fjölmörgum öðrum atriðum sem greina rytmíska tónlist frá annarri tónlist.

## Tölvur og tónlist 1

Stiklað verður á stóru í Tölvur og tónlist I þegar kemur að hluta tölvunnar í tónlist. Bæði verður farið í að búa til ýmis konar tónlist þar sem tölvan er í aðalhlutverki.

Einnig verða mismunandi forrit skoðuð sem möguleiki á að taka upp hljóðfæri og farið verður í grunninn á því að taka upp lag með öllum tilheyrandi hljóðfærum.

## Tölvur og tónlist 2

Farið verður yfir í Tölvur og tónlist II hvernig mismunandi hljóðnemar virka og hvaða hljóðnemar henta hvaða aðstæðum.

Kennd verða grunnhandtök á hljóðupptökuforritið Pro Tools og fjallað um upptökur á hinum ýmsu hljóðfærum auk þess sem farið verður yfir upptökutækni sem tengjast þeim, t.d. hljóðnemastaðsetningar o.s.frv.

Kynnt verða hin ýmsu tæki og tól sem notuð eru í hljóðveri, t.d. compressor, effectar og equalizer.

## Tónfræðigreinar

Í aðalnámskrá tónlistarskóla eru fleirtöluorðin tónfræði og tónfræðagreinar notuð sem samheiti yfir ýmsar greinar, svo sem tónfræði, hljómfæði, tónheyrn, tónlistarsögu, formfræði og kontrapunkt. Tölvunám tengt tónlist telst einnig til tónfræðináms, hvort heldur tölvan er notuð til tónsköpunar, nótnaritunar, sem tóngjafi eða upptökutæki. Tónfræðigreinar eru óaðskiljanlegur hluti náms í tónlistarskóla. Tónlistarskólinn í Grindavík miðar við að nemendur stundi tónfræðináms samhliða námi í hljóðfæraleik og einsöng, en einnig er unnt að stunda tónfræðináms eingöngu.

## Námsefni, náms og kennsluáætlanir

Hljóðfærakennarinn semur einstaklingsbundna námsáætlun fyrir hvern nemanda, sem tekur mið af þroska hans, áhuga, vinnugleði og næmi. Próf eru tekin þegar nemandinn er að mati kennara tilbúinn til þess og hefur tileinkað sér námsefni viðkomandi áfanga samkvæmt hljóðfæranámskrá. Grunnpróf, miðpróf og framhaldspróf eru tekin skv. forskrift og reglum prófanefndar og dæmd af utanaðkomandi prófdómurum. Stigsprófin eru notuð sem millipróf milli áfangaprófanna og árspróf eru tekinn á milli stigsprófa.

Röðin er eftirfarandi: 1. stig – 2. stig – grunnpróf – 4. stig – miðpróf - 6. stig - 7. stig - framhaldspróf.

### Grunnám

Margar og mismunandi leiðir eru að markmiðum og nemendur eru ólíkir. Það þarf að hafa í huga þegar verkefni eru valin. Kennarinn þarf að mæta þörfum nemenda sinna með einstaklingsmiðuðu námi sem innifelur viðeigandi viðfangsefni í einstaklingsnámskrá. Leiðin að grunnámi er skipt í þrjú stig, 1., 2. og 3. stig. Fyrst lýkur nemandi 1. og 2. stigi með prófi sem kennarar skólans meta og tekur þá við þriðja stig, sem er grunnpróf og er dæmt af sérstökum prófdómurum á vegum prófanefndar tónlistarskóla.

### Miðnám

Í miðnámi eykst umfang námsins frá því sem er í grunnnámi og ætla má að námstíminn lengist að sama skapi. Miðað er við að nemandur geti lokið miðnámi á um það bil fjórum til fimm árum en námshraði getur þó verið mismunandi. Ræður þar miklu ástundun, aldur og þroski nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemandur ólíkir. Því þurfa viðfangsefnin að vera fjölbreytt og uppbygging námsins einstaklingsmiðuð. Það kemur í hlut kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðfangsefnum við hæfi. Á milli grunnprófs og miðprófs er 4. stig. Þegar komið er að 5. stigi fer nemandi í miðpróf.

### Framhaldsnám

Framhaldsnám tekur við að loknu miðnámi. Hér er um umfangsmikinn námsáfanga að ræða og miðast lok framhaldsnáms við að nemandur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi.

Gera verður ráð fyrir að námstími í framhaldsnámi sé einstaklingsbundinn og ræður þar miklu ástundun, aldur, þroski og hæfileikar nemenda. Miðað er við að unnt sé að ljúka þessum áfanga á um það bil fjórum árum. Í einstaka tilvikum kann að vera unnt að ljúka náminu á skemmri tíma en einnig getur lengri námstími verið eðlilegur.

Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum. Eftir að hafa tekið 6. stig er tekið framhaldspróf.

## Námskröfur - heimavinna

Hljóðfæranám byggir á heimavinnu nemandans, þ.e. á reglubundnum daglegum æfingum á hljóðfærið. Góðar æfingavenjur lærast smám saman eins og annað. Í þessu sambandi er stuðningur foreldra mjög mikilvægur, sérstaklega meðan nemendur eru ungir og óreyndir og hafa enn ekki tamið sér góð vinnubrögð. Stuðningur foreldra þarf alls ekki að vera fagmannlegur; aðalatriðið er að foreldrar sýni áhuga á heimavinnu barnsins, séu jákvæðir og hvetjandi og sýni aðhald með því að minna á æfingarnar og halda barninu við efnið. Þegar daglegar æfingar nemandans eru orðnar að vana, t.d. hjá eldri nemendum, þarf minna aðhald. Jákvæður áhugi og forvitni foreldra er þó alltaf af hinu góða

## Námsumhverfi

Aðbúnaður og umhverfi tónlistarskólans getur haft mikil áhrif á námsárangur nemenda sem og á viðhorf og líðan allra sem í skólunum starfa. Húsnæðisþörf skóla fer að miklu leyti eftir nemendafjölda og námsframboði á hverjum stað. Þó er ákveðin lágmarksaðstaða mikilvæg í öllum tónlistarskólum sem uppfylla eiga kröfur aðalnámskrár. Tónlistarskólinn í Grindavík er í nýju húsnæði sem sniðinn var utan um starfsemi skólans. Einnig býður salur skólans upp á ýmsar aðrar uppákomur utan skólans eins og minni tónleika og ýmsar menningarlegar uppákomur.

## Húsnæði, tæki og búnaður

Í aðalnámskrá tónlistarskóla segir: Mikilvægt er að tónlistarskólar búi yfir góðum hljóðfæra og tækjakosti. Æskilegt er að hljómflutningstæki séu í hverri kennslustofu. Notkun tölva í tónlist býður upp á sívaxandi möguleika, ekki síst í kennslu. Tónlistarskólar eru hvattir til þess að fylgjast vel með á þessu sviði og bjóða nemendum og kennurum greiðan aðgang að tölva með tónlistarforritum. Myndbandstæki, skjár og upptökuvél eru einnig gagnleg kennslutæki. Tónlistarskólinn í Grindavík er vel búinn tækjum og hefur verið í fararbroddi hvað varðar tækjakost enda einn af best búnu tónlistarskólum landsins.



## Skólareglur

1. Nemanda ber að sýna kennurum, samnemendum og öðru starfsfólki skólans virðingu og kurteisi.
2. Nemanda ber að mæta stundvíslega, vel undirbúinn og með öll námsgögn í kennslustund.
3. Ef nemandi forfallast ber að láta viðkomandi kennara vita með SMS eða símtali með góðum fyrirvara.
4. Nemendum ber að taka þátt í tónleikum og tónfundum eins og skólinn kveður á um og að fylgja þeim siðareglum á tónleikum sem skólinn hefur að leiðarljósi.
5. Nemandi/foreldrar bera ábyrgð á að nemandi mæti stundvíslega.
6. Skemmdir á eignum skólans (húsnæði, hljóðfærum) varða brottrekstri.
7. Nemanda ber að ganga vel um skólann og hengja upp útifatnað.
8. Nemendum ber að nota biðstofu á meðan beðið er eftir kennslustund og hafa ekki hávaða á göngum skólans.
9. Nemendur hafa ekki aðgang að síma tónlistarskólans.
10. Útleigð hljóðfæri eru á ábyrgð nemanda/foreldra. Verði hljóðfæri fyrir tjóni ber nemandi/foreldri kostnað af viðgerð eða endurnýjun.

## Greinanámskrár

### Forskóli

Forskóli Tónlistarskólans er skyldunám í 1. - 3. bekk grunnskólans og fer kennslan fram í Hópskóla. Kennari tekur hálfan bekk á móti bekkjarkennara. Nemendur í 1. og 3. bekk fá kennslu 1 x 40 mínútur á viku, en nemendur í 2. bekk fá kennslu 2 x 40 mínútur á viku.

Markmið forskólanáms er að búa nemendur sem best undir hljóðfæranám. Nemendur fá m.a. þjálfun í sköpun, hlustun, söng og dans/hreyfingu. Nemendur læra einnig á blokkflautu í 2. og 3. bekk þar sem nótalestur og hrynur er þjálfaður. Kennslustund er byggð upp á fjölbreyttan hátt, nemendur spila í tímum, vinna með skrifleg verkefni og hlustunardæmi. Í forskólanum fá nemendur að kynnast þeim hljóðfærum sem kennt er á við Tónlistarskólann í Grindavík.

Útgefið námsefni fyrir forskóla er af mjög skornum skammti. Því leita forskólakennarar að mestu í eigin smíðju, hvað það varðar. Þegar grunnskóli og tónlistarskóli vinna saman með

þeim hætti sem verið hefur undanfarin ár, er tryggður ákveðinn jöfnuður fyrir nemendur. Allir nemendur fá tækifæri til að kynnast undirstöðuatriðum í tónlistariðkun foreldrum að kostnaðarlausu, en nemendur þurfa að kaupa blokkflautu.

### **Píanó**

Almennt er miðað við að nemendur sem hefja nám í píanóleik 8 – 9 ára gamlir, ljúki grunnnámi á um það bil þremur til fimm árum. Þessi viðmiðun er þó engan vegin einhlít þar sem nemendur hefja nám á ýmsum aldri og námshraði getur verið mismunandi. Áfangapróf eru tekin þegar nemandinn er að mati kennara tilbúinn til þess og hefur tileinkað sér hæfilegt námsefni úr viðkomandi stigi samkvæmt hljóðfæranámskrá.

### **Fiðla**

Algengast er að nemendur hefji nám í fiðluleik að loknu forskólanámi við u.þ.b. átta ára aldur. Fiðlur eru til í ýmsum stærðum og leigir skólinn hljóðfæri í barnastærðum. Mikilvægt er að stærð hljóðfæris hæfi líkamsþroska nemandans. Kennarar skólans meta hversu stórt hljóðfæri hver og einn nemandi þarf og hvenær þörf er að skipta um hljóðfæri.

Tilgangur kennslu á fiðlu er festa í sessi strokhljóðfæri í skólanum ásamt því að hlúa að öllum öðrum þeim mikilvægu sálarlegu uppeldisatriðum sem talið er að tónlist á skólaárum eigi að færa barni.

### **Gítar**

Almennt er miðað við að nemendur hefji nám í gítarleik 8 til 9 ára gamlir. Aðalnámskrá tónlistarskóla er grunnurinn að náminu. Þar er m.a. kveðið á um að nemendur læri nótnalestur, tileinki sér líkamsstöðu og handbeitingu sem nauðsynleg er svo nemandinn nái tókum á hljóðfærinu. Í þeirri vinnu er markvisst unnið að því að nemandinn kynnist sem fjölbreyttustu úrvali verkefna, þ.e. tónlist frá ólíkum tímabilum sem reynir á ólíka þætti tæknilega séð. Þyngd verkefna og krafna sem gerðar eru til nemandans eru stigvaxandi eftir því sem líður á námið.

### **Þverflauta**

Algengast er að nemendur hefji þverflautunám 8 - 10 ára gamlir en dæmi eru um að nám hefjist fyrr. Fáanlegar eru þverflautur með bognu munnstykki fyrir unga nemendur. Lögð er áhersla á samleik þverflautunemenda, sem og samleik með öðrum nemendum. Nemendum í grunnnámi gefst auk þess kostur á að leika í blásarasveit. Nám á þverflautu fer fram í einkatímum.

### **Klarínett**

Algengast er að námið hefjist þegar nemendur eru á aldrinum 8 - 10 ára. Klarínettufjölskyldan er stór, 12 hljóðfæri talsins. Langalgengast þessara hljóðfæra er B - klarínetta og á slík hljóðfæri

er kennt í skólanum. Klarínnettunemendum gefst kostur á að leika í blásarasveit skólans, sem og með öðrum hljóðfærum.

### **Trompet**

Nám á trompet getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á hljóðfærið og fullorðinsframtennur eru komnar á sinn stað. Algengast er að námið hefjist þegar nemendur eru á aldrinum 8 - 10 ára. Oft þykir heppilegt að nemendur hefji nám á kornett þar sem það er léttara og meðfærilegra en trompet. Nemendur byrja á að purra fyrir framan spegil, purra í munnstykkið og síðan setja þau munnstykkið í hljóðfærið og spila langa tóna. Heimanám í hljóðfæranámi er mikilvægt til að góður árangur náist, því 90% af hljóðfæranámi er heimavinna. Kennt er á Trompet í einkakennslu í 1. klst. á viku, sem yfirleitt er skipt í 2 x 30 mín.

### **Slagverk**

Í slagverkskennslu er það haft að leiðarljósi að nemandi geti orðið sjálfbær og skapandi sem fyrst og öðlist tækifæri á að túlka tónlist eftir eigin eyra og hugmyndum á heilbrigðan og sjálfstæðan máta. Verkefnalisti og bókaskrá er að finna í rytmísku námskránni sem gefin var út af Mennta- og Menningarmálaráðuneytinu 2010. Einnig er þar að finna mun ítarlegri lista yfir námsbækur. Ef nemandi vinnur vel og lýkur þeim verkefnum sem honum er falið er hann fullfær um að ljúka viðkomandi prófum með góða einkunn og öðlast góða færni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Rafgítar**

Í rafgítarkennslu er leitast við að fá nemandann til að öðlast sjálfstæði og frelsi til sköpunar, túlkunar, hlustunar og eftirtektar á frjálstan og skapandi hátt. Stigspróf eru liður í að undirbúa nemandann fyrir áfangapróf og eiga að styrkja hann og efla í öllum hans undirbúningi, auka sjálfstraust og sjálfbærni.

Áhersla er lögð á einstaklinginn og þess gætt að allir sitji að sömu gæðum hvað kennslu varðar. Auðvitað eru nemendur eins misjafnir og þeir eru margir og reynt er að leiða alla hinn gullna meðalveg tónlistarnámsins svo allir fái notið sín í náminu. Að nemandi hafi öðlast grunnþekkingu á rafgítarum, þekki strengi með nafni, geti stillt sjálfur og hafi kynnst fyrstu tónstigunum. Hafi kynnst því að nota magnara og hafi grunnþekkingu á honum. Hafi kynnst samspili af einhverju tagi og geti leikið einfaldar línur. Hafi náð þökkalegum tókum á tónmyndun á hljóðfærið og hafi kynnst grunn nótnalestri og TAB kerfinu.

## Rafbassi

Reynt er að fá nemandann til að öðlast sjálfstæði og frelsi til sköpunar og túlkunar sem og til hlustunar og eftirtektar á frjálsan og skapandi hátt. Hér er áhersla lögð á einstaklinginn og hans þarfir og þess gætt að allir sitji að sömu gæðum hvað kennslu varðar. Auðvitað eru nemendur eins misjafnir og þeir eru margir og reynt er að leiða alla hinn gullna meðalveg svo allir fái notið sín í náminu.

Lagt er upp úr því að nemandinn öðlist grunnþekkingu á rafbassann, þekki strengi með nafni, geti stillt sjálfur og hafi þekkingu á mögnurum. Nemandinn þarf að vera fær um að leika bassalínur og hluti af náminu er að taka þátt í samspili af einhverju tagi. Einnig þarf nemandinn að ná góðum tókum á tónmyndun á hljóðfærið, kynnast grunninum í nótnalestri, tónstigum og TAB kerfinu.

# Skólanámskrá – Innra prófakerfi

## Almennt um próf

### Stigspróf/Áfangapróf í hljóðfæra- og söngnámi

Innra prófakerfi tónlistarskóla styðst við kröfur sem gerðar eru til nemanda í aðalnámskrá tónlistarskóla.

Innra prófakerfi tónlistarskólans er stigakerfi.

1. og 2. stig er tekið áður en nemandi tekur fyrsta áfangapróf, grunnpróf. 4. stig er forstig fyrir miðpróf. 6. og 7. stig er forstig fyrir lokapróf úr tónlistarskóla, framhaldspróf. Prófað er samkvæmt skólanámskrá áður en nemandi tekur áfangapróf samkvæmt aðalnámskrá.

Kennari og nemandi geta ákveðið að fara í „forpróf“ áður en stigspróf eða áfangapróf er tekið.

Slíkt próf veitir kennara og nemanda upplýsingar um stöðu nemandans áður en endaleg ákvörðun um eiginlegt stigspróf er tekin. Á vorin fá nemendur vitnisburð um árangur vetrarins á þar til gerðu eyðublaði og skriflegra umsagna.

Ætlast er til að nemendur tónlistarskóla ljúki samsvarandi tónfræðigreinum samhliða áfangaprófum. Hafa ber í huga að áfangapróf er ekki fullgilt fyrir en tónfræðigreinum sem því fylgja er lokið.

### Grunnám

Leiðin að grunnámi er skipt í þrjú stig, 1., 2. og 3. stig. Ljúki nemandi 1. og 2. stigi með prófi sem kennarar skólans prófdæma. Þriðja stig, sem er grunnpróf er prófdæmt af sérstökum prófdómurum á vegum prófanefndar tónlistarskóla.

### Miðnám

Leiðin að miðnámi er skipt í tvö stig, 4. og 5. stig. Nemandi lýkur 4. stigi með prófi sem kennarar skólans prófdæma. Fimmta stig, sem er miðpróf er prófdæmt af sérstökum prófdómurum á vegum prófanefndar tónlistarskóla. Í miðnámi eykst umfang námsins frá því sem er í grunnnámi og ætla má að námstíminn lengist að sama skapi. Miðað er við að nemandur geti lokið miðnámi á um það bil fjórum til fimm árum en námshraði getur þó verið mismunandi. Ræður þar miklu ástundun, aldur og þroski nemenda.

## Framhaldsnám

Framhaldsnám tekur við að loknu miðnámi. Hér er um umfangsmikinn námsáfangað ræða og miðast lok framhaldsnáms við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi. Leiðin að framhaldsnámi er skipt í þrjú stig, 6. 7. og 8. stig. Ljúki nemandi 6. og 7. stigi með prófi sem kennarar skólans dæma tekur við áttunda stig, sem er framhaldspróf og er dæmt af sérstökum prófdómurum á vegum prófanefndar tónlistarskóla.

Gera verður ráð fyrir að námstími í framhaldsnámi sé einstaklingsbundinn. Miðað er við að unnt sé að ljúka þessum áfanga á um það bil fjórum árum. Í einstaka tilvikum kann að vera unnt að ljúka náminu á skemmri tíma en einnig getur lengri námstími verið eðlilegur.

## Árspróf í hljóðfæra- og söngnámi

Þeir nemendur sem ekki taka áfangapróf að vori, þurfa að taka skólapróf, svokölluð **árspróf**. Ársprófin innihalda alla þá sömu prófliði og **áfangaprófin**, en færri atriði af hverjum prófliði og eru þau því smækkuð mynd af áfangaprófunum. Með því að taka árspróf árlega þau námsár sem líða á milli áfangaprófa, þjálfast nemendur í prófformi áfangaprófanna og ættu því að vera betur undirbúnir fyrir þau. Á vorin fá nemendur vitnisburð um árangur vetrarins á þar til gerðu eyðublaði og skriflegra umsagna.

## **Fyrirkomulag prófa**

### **Árspróf A**

Verk 1

Verk 2

Æfing

Tónstigar

Heildarsvipur

### **Árspróf B**

Verk 1

Verk 2

Tónstigar

Heildarsvipur

### **Stigspróf A**

Verk 1

Verk 2

Verk 3

Tónstigar

Lestur af blaði

Heildarsvipur

### **Stigspróf B**

Verk 1

Verk 2

Verk 3

Æfing

Tónstigar

Lestur af blaði

Heildarsvipur

# Dæmi um prófkröfur

## Fiðla

### 1. stig.

A, D dúr – a, d moll, laghæfur ein áttund

### Æfing

Lag – dúr

Lag – moll

Eftir eyranu

Óundirbúinn nótnalestur

### Kennsluefni:

Suzuki I.

Joggers

Scales

2. stig.

### Tónstigar:

2 áttundir í B dúr, 2 áttundir í D dúr með stillingaskiptum.

2 áttundir í d og a moll með stillingaskiptum.

Krómatískur frá G.

### Æfing

Lag – dúr

Lag – moll

Eftir eyranu

### Óundirbúinn nótnalestur

Kennsluefni:

Suzuki II

Ranners II



## Gítar

### 1. stig - tónstigar:

C-dúr, G-dúr, D-dúr,

a-moll hljómhæfur, a-moll laghæfur

### Brotnir hljómar:

C-dúr, G-dúr og d-moll

### Kennsluefni:

The first guitar lesson e. Eyþór Þorláksson

Guitar Medhod, grade 1 e. Eyþór Þorláksson

Guitar moment Volume 1 e. Eyþór Þorláksson

Guitar studies 15 – 22 e. Svein Eyþórsson

Guitar tunes 8 – 15

Carulli Brevier 3 – 9

9 guitar works 3 – 5 e. Svein Eyþórsson

### 2. stig - tónstigar:

A - dúr, E - dúr, F - dúr,

e - moll hljómhæfur, e-moll laghæfur

d - moll hljómhæfur, d-moll laghæfur

### Brotnir hljómar:

D-dúr, d-moll,

A-dúr, a-moll,

E-dúr, e-moll,

### Kennsluefni:

Guitar Medhod, grade 2 e. Eyþór Þorláksson

Guitar moment Volume 2 e. Eyþór Þorláksson

Guitar tunes 16 – 29

Carulli Brevier 10 – 29

F. Sor – 12 Studies Op. 60

F. Sor – 12 Studies Op. 31, 1 – 9

F. Sor – 12 Waltzes 4 - 13

9 guitar works 6 – 8 e. Svein Eyþórsson

## Píanó

### 1. stig

C-dúr, G-dúr,

F-dúr, a-moll, d-moll,

e-moll (hljóm- og laghæfir)

tvær áttundir með annarri hendi í einu.

### Brotnir hljómar:

Sömu tóntegundir, ein áttund með annarri hendi í einu.

### Dæmi um æfingar:

Czerny-Germer: Æfingar, 1. Bindi hluti 1-7

Technic is fun- Preparatory Book td.

In the Marching Band, eða On a Field Trip

### Dæmi um tónverk:

Píanó leikur 1. og 2., B. Þ. V t.d. lag nr. 91. Á Sprengisandi.

Sonatinen Vorstufe

Piano Adventures 2A

Das Tasten Krokodil

### 2. stig

C-dúr, G-dúr,

D-dúr, F-dúr,

a-moll, d-moll,

e-moll, g-moll, (hljóm- og laghæfir),

tvær áttundir með annarri hendi í einu.

Brotnir hljómar:

Sama tóntegund, ein áttund með annarri hendi í einu.

Krómatískur tónstigi, ein áttund með annarri hendi í einu.

### **Dæmi um æfingar:**

Czerny-Germer: Æfingar, 1. Bindi hluti 8-16

Technic is fun- Preparatory Book t.d. My Pet Goldfish eða Motorcycle Riding

Burgmuller: 25 Progressive Pieces

### **Dæmi um tónverk:**

Píanó leikur 3. E. B.fi.V Canon eða Rondo

Sonatinen Vorstufe lag nr. 18. Sonatine e.

Beethoven eða Clementi Sonatina Op. 36. nr1.

Piano Adventures 3A

Das Tasten Krokodil

## **Rafgítar**

### **Tónstigar**

C – G – F – D dúrar í 1. fingrastöðu eða 1. fingrasetningu

a – e – d – b hreinir mollar í 1.fingrastöðu eða 1. fingrasetningu

a – e – d – b moll pentatón í 1. fingrastöðu eða 1. fingrasetningu.

### **1. stig**

#### **Dæmi um lög:**

Minors Tale

Dee Dee (nr.80 í Bass Method 1.)

Etude Bruté

### **Tónstigar**

C – G – F – D – Bb – E – A dúrar í 1. fingrastöðu og 2 öðrum fingrastöðum.

a – e – d – b – g hreinir og hljómhæfir mollar í 1.fingrastöðu og 1 annarri

a – e – d – b – g moll pentatón í 2 fingrasetningum.

C-G-F-D-Bb dúr pentatón í 2 fingrasetningum

Brotnir þríhljómar skulu leiknir með öllum tónstigum.

#### **Dæmi um lög:**

All together now (nr.39 úr bass mehod nr.2)

Watermelon man

Another brick

Black magic woman

## Slagverk / Trommur

### 1. stig

#### Grunnæfingar:

Miðað er við að nemandi geti leikið æfingar út frá bæði vinstri og hægri hendi.

Einslagsþyrl sem sextándupartar á hraða 100 bpm

Tvíslagsþyrl sem sextándupartar á hraða 60 bpm

Einföld Paradiddla sem sextándupartar á hraða 70 bpm

#### Dæmi um verkefni:

Solo 6.1 fyrir trommuset

Solo 7.1 fyrir trommuset

Solo 5 fyrir sneriltrommu (Drumming the easy way e. Tom Hapke)

### 2. stig

#### Grunnæfingar:

Miðað er við að nemandi geti leikið eftirfarandi æfingar út frá bæði vinstri og hægri hendi.

Auk grunnæfinga frá 1. stigsprófi:

Einfalt forslag á hraða 90 bpm

Tvöfalt forslag á hraða 80 bpm

5 slaga þyrl á hraða 80 bpm

Lokað þyrl

## Einsöngur

### 1. stig

#### Dæmi um tónverk:

Dæmi um tónverk:

Ísólfur Pálsson: Fjólan

Sigvaldi Kaldalóns: Bíum bíum bamba

Jórunn Viðar: Það á að gefa börnum brauð

### 2. stig

#### Dæmi um tónverk:

Árni Thorsteinsson: Fífilbrekka

Bach, J. S.: Das walt mein Gott

Caldara: Sebben crudele

## Trompet

### 1. stig

#### Tónstigar:

Krómatískur tónstigi ein áttund, frá c<sup>+</sup> – c

B-dúr, C-dúr og D-dúr, ein áttund

Dæmi um verk:

Æfing nr. 86

Já, ungrúin stígur dansinn

Mér um hug og hjarta nú (B.P.V. Trompet-leikur 1.)

### 2.stig

#### Tónstigar:

Krómatískir tónstigar, ein áttund,

Bæði upp og niður: frá c, cís og d

B-dúr, C-dúr og D-dúr, Es-dúr og F-dúr, ein áttund

### **Dæmi um verk:**

Gregson: 20 Supplementary Tunes (no. 10 eða 12)

Williams, C.: Trumpet Excursions (Fire Dance eða Scherzo)

Gregson: 20 Supplementary Tunes (no. 10 eða 12)

Williams, C.: Trumpet Excursions (Fire Dance eða Scherzo)

### **Pverflauta**

#### **1. stig - tónstigar:**

C, F, G dúrar - ein áttund

a, d, e, mollar - ein áttund

Þríhljómar í öllum tónstigum - ein áttund

Krómatík frá f´ - f´´

Allt leikið utanbókar óbundið eða bundið

#### **Dæmi um verk :**

Aravísur bls. 57 úr Flautubókin mín

Bred dina vida vingar bls. 41 úr Flöjt. och jag 1

Yesterday bls. 42 úr Flöjt. och jag 1

#### **2. stig**

##### **Tónstigar:**

C, F, G, B dúrar - ein áttund

a, d, e, g mollar - ein áttund nema d-moll, tvær áttundir

Þríhljómar í öllum tónstigum - ein áttund nema d-moll,

tvær áttundir

Krómatík frá e´ - e´´´

Allt leikið utanbókar óbundið eða bundið

#### **Dæmi um verk :**

Skokt dans - L.V.Beethoven

Sonatina nr. 39 - L.V.Beethoven

Liten dans - F.J. Hayd

# Forskóli

## 1. bekkur

Nótnalestur / hrynur:

Klappa atkvæði ta, tí tí – verkefni.

Klappa fjórðapartsnótur / 2 áttundapartsnótur / hálfnútu / fjórðapartsþögn

G – lykill, endurtekningamerki, lokastrik, nótnalínur, nótnabil.

Dans/hreyfing:

Hlustun

## 2. bekkur

Nótnalestur / hrynur:

Kunna fjórðapartsnótur / áttundapartsnótur / hálfnútu / fjórðapartsþögn / heilnútu

G – lykill, endurtekningamerki, lokastrik, nótnalínur, nótnabil, piano, forte.

Sköpun

Dans/hreyfing:

Hljóðfærakynning

Kynnist fjórum hljóðfæraflokkunum í gegn um hlustunardæmi

Nemendur læri að halda rétt á blokkflautunni og beri sig rétt að við að spila.

Nemendur læri og þjálfist í að loka götunum rétt og vel.

Nemendur kynnist hugtökunum: taktur, g - lykill, taktstrik, taktvísir, lokastrik, hálfnúta, heilnúta, fjórðapartsnúta.

Nemendur þjálfir nótnaskrift.

Nemendur læri að þrífa hljóðfærið.

## Námsefni:

Það var lagið

Flautað til leiks 1, 2 og 3. Almenn er miðað við að bók 1 sé notuð í 2. bekk og bók 2 og 3 í 3. bekk, eftir færni nemenda.

Efni frá Tónlistarskólanum í Grindavík

### 3. bekkur

Í þriðja bekk er unnið áfram á sama hátt og í öðrum bekk en viðfangsefni verða nokkuð erfiðari.

Nótnalestur / hrynur

G – lykill, endurtekningarmerki, lokastrik, nótnalínur, nótnabil, piano, forte.

Nemendur þjálfist áfram í nótnalestri og takti.

Nemendur þjálfir áfram rétta líkamsbeitingu við blokkflautuleik.

Sköpun

Dans/hreyfing:

Hljóðfærakynning:

#### **Námsefni:**

Það var lagið

Flautað til leiks 2 og 3.

Efni frá Tónlistarskólanum í Grindavík



## Hljóðfærakennsla 4. bekkja

Með þessari hljóðfærakynningu fær nemandi, á einum vetri, að kynnst þremur ólíkum hljóðfærum. Það ætti að auðvelda honum val á það hljóðfæri sem höfðar mest til hans að kynningu lokinni. Hafi hann hug á að fara í frekara nám.

Að nemandi:

- Læri að setja saman hljóðfærið, þar sem það á við.
- Læri umgengni við hljóðfærið.

### Dæmi um lagaval fyrir söng:

- Andinn
- Furðuverk
- Val á lagi af youtube

### Dæmi um lagaval fyrir hljóðfæri:

- Góða mamma
- Maja átti lítið lamb
- Semja lítið lag úr 3 - 5 tónum
  
- Spili á hljóðfærið/ syngi í hljóðnemann.
- Fáí tilfinningu fyrir tóni.
- Læri að lesa 3 - 5 nótur og nótnagildin.
- Beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt.
- Læri þindaröndun fyrir þau hljóðfæri sem við á.
- Kynnist röddun bæði í söng og á hljóðfærið.
- Geti í lok námskeiðs spilað/sungið eitt til tvö einföld lög.

# Tveggja ára diplómanám

## Píanó fyrsta ár

### Markmið:

- Tónn og tækni
- Hrynur og form
- Laglína og undirleikur
- Tónstígar og hljómar
- Raddsetning hljóma og hljómasambanda
- Spuni
- Túlkun, tjáning, stíll og framkoma

### Nemandi geti leikið :

- Helstu hljóma að 4 formerkum
- Heimahljóma
- Tónstiga að 2 formerkjum, C, G, D, F dúr og a, e, h, d moll
- Niðurlagshljóma að 4 formerkjum.

### Dæmi um verkefni:

House of the rising sun (Þjóðlag)

Samferða (Magnús Eiríksson)

## **Píanó annað ár**

### **Markmið:**

- Tónn og tækni
- Hrynur og form
- Laglína og undirleikur
- Tónstigar og hljómar
- Raddsetning hljóma og hljómasambanda
- Fjöldi og val verkefna
- Spuni
- Samspilsíðkun
- Sampilshæfni
- Lestur, leikur eftir eyra og utanbókarlærdómur
- Túlkun, tjáning, stíll og framkoma

### **Nemandi geti leikið:**

- Helstu hljóma í öllum tóntegundum
- Hljómhvörf og forhljóma
- Tónstiga að 4 formerkjum, dúra og molla, hljómhæfa og laghæfa
- Bókstafshljóma
- Með pedala
- Rytma og stíla

### **Dæmi um verkefni:**

Light my fire (The Doors)

Vetrarsól (Gunnar Þórðarson)

## Söngur fyrsta ár

### Markmið:

Eftir fyrsta árið á nemandi að kunna að tengja hljóðnemann og stilla hljóðkerfið. Hafi kynnst réttri líkamsstöðu og þindaröndun.

### Að nemandi:

- Læri að tengja hljóðnema og stilla hljóðkerfið
- Læri umgengni við hljóðfærið
- Læri að beita hljóðnemanum
- Fái tilfinningu fyrir tóni
- Læri að lesa 3 - 5 nótur og nótnagildin
- Beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt
- Hafi kynnst þindaröndun
- Geti í lok fyrsta árs sungið 4 - 5 lög
- Fái tilfinningu fyrir takti

### Dæmi um lagaval fyrir söng:

- Alltaf er fólk á ferð
- Andinn
- Bænin
- Fullkomna fólkið
- Furðuverk
- Hjá þér
- Hlustaðu á regnið
- Hvað kom fyrir Finn
- Orðin þín
- Val á lagi af youtube – íslensk lög

### Námsmat:

Í lok 1. árs syngur nemandi 2 lög á prófi og eina æfingu sem hentar nemendum á 1. ári.

## Söngur annað ár

### Markmið:

Eftir annað árið á nemandi að geta séð sjálfur um stillingar á græjum.

Nái að syngja áreynslulaust og hafi rétta líkamsstöðu.

### Að nemandi:

- Kunni að tengja hljóðnemann og stilla hljóðkerfið
- Kunni umgengni við hljóðfærið
- Kunni að beita hljóðnemanum
- Hafi tilfinningu fyrir tóni
- Hafi tilfinningu fyrir takti
- Læri að lesa allar nótur og nótnagildin
- Beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt
- Hafi kynnst þindaröndun og sé farinn að nota hana rétt
- Geti í lok annars árs sungið 8-10 lög á tveimur tungumálum
- Geti sungið með hljómsveit og hafi þjálfast í því

### Dæmi um lagaval fyrir söng:

- Ást – Ragnheiður Gröndal
- Ég á líf – Eyþór Stefánsson
- Líttu sérhvert sólarlag – Valdimar og Sigríður
- Með þér – Ragnheiður Gröndal

### Erlend lög:

- A team – Ed Sheeran
- All of me – John Legend
- Is it true – Jóhanna Guðrún
- Lazy song – Bruno Mars
- When I was your man – Bruno Mars
- Val á lagi af youtube – íslensk lög eða erlend lög.

### Námsmat:

Í lok 2. árs syngur nemandi 2 lög á prófi og eina æfingu sem hentar nemendum á 2. ári.

## Gítar fyrsta ár

### Markmið:

- Vinnukonugrip,
- Hljómar C, G, D, A, E, F,
- am, em, dm,
- C7, G7, D7, A7, E7, B7

### Tónstigar:

- C, G, D, A, E dúrar
- Moll og dúr pentatónik
- Blússkali
- Ásláttur, rytmi og spuni

### Viðmiðunarlæg:

Black magic woman, watermelone man, á sprengisandi, stál og hnífur eða sambærileg lög.

### Námsmat:

Í lok 1. árs er prófað úr öllum fyrrnefndum þáttum og skal nemandi leika tvö verk, laglínu og hljóma og að minnsta kosti annað með spuna.

## Gítar annað ár

### Markmið:

- Öll vinnukonugrip, dim7 grip
- Þvergríp, maj7, moll7, 7und í öllum tóntegundum
- Tónstigar dúr og moll í öllum tóntegundum,
- Hljómhæfur moll
- Rytmi og stúlar
- Bókstafshljómalestur

### Viðmiðunarlög:

Blue bossa, Wonderwall, Another brick in the wall, Blús í G

### Námsmat:

Í lok 2. árs er prófað úr öllum fyrrnefndum þáttum og skal nemandi leika tvö verk með hljónum, laglínu og spuna.

## Lúðrasveitarnám fyrsta ár

### Markmið:

- Nemendur læra að umgangast hljóðfærið.
- Nemendur læra að anda rétt og þuðra, einnig læra þau einfalda tungutækni og fá tilfinningu fyrir fallegum tóni.

### Að nemandi:

- Haldi rétt á hljóðfærinu og noti fingurgóma á ventlana
- Beiti jöfnum og markvissum fingrahreyfingum
- Hafi náð allgóðum tókum á eðlilegri og djúpri öndun
- Hafi náð góðri og eðlilegri munnsetningu
- Kunni skil á hækkunar og lækkunarmerkjum
- Þekki lengdargildi

### Dæmi um bækur fyrir blásturshljóðfæri:

Midt i blinken 1

Trumpeten och jag 1

Trompet-leikur 1

### Námsmat:

- Hafi náð góðri og eðlilegri munnsetningu
- Spila hreint og taktfast
- Spilað á tónsviðinu  $c' - c''$ , með góðum tón

Í lok 1. árs er nemandi prófaður og skal hann spila tónstiga og tvö lög.



## Lúðrasveitarnám annað ár

### Markmið:

- Beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið
- Ætlast er til að nemendur nái tökum á að spila hreint og taktfast
- Hafi þjálfast í ýmiss konar samleik, bæði í stærri og minni hópum

### Að nemandi:

- Haldi rétt á hljóðfærinu og noti fingurgóma á ventlana
- Beiti jöfnum og markvissum fingrahreyfingum
- Hafi náð allgóðum tökum á eðlilegri og djúpri öndun
- Hafi náð góðri og eðlilegri munnsetningu
- Kunni skil á hækkunar og lækkunarmerkjum
- Þekki lengdargildi
- Geti gert styrkleikabreytingar vel heyranlegar
- Geti leikið bundið og með tungu
- Hafi þjálfast reglulega í leik tónstiga
- Hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar

### Dæmi um bækur fyrir blásturshljóðfæri

Midt i blinken 1 og 2

Trumpeten och jag 1 og 2

Trompet-leikur 1 og 2

Sönglögin okkar

### Námsmat:

Í lok 2. árs spilar nemandi 2 lög, eina æfingu og tónstiga á prófi.

## Framtíðarsýn

Tónlistarskólinn í Grindavík hefur alla burði til að vera í fremstu röð. Húsnæði er nýtt og sniðið að þörfum skólans. Tækja- og hljóðfærakostur skólans er mjög góður og þar með aðbúnaður allur til fyrirmyndar. Kennarar skólans eru almennt mjög vel menntaðir og með sérhæfingu, hver á sínu sviði. Þeir hafa verið tilbúnir að hugsa út fyrir kassann þegar kemur að skólaþróun og innleiðingu á nýjum námsaðferðum nemendum þeirra til heilla. Framtíð tónlistarskóla er þó fyrst og fremst í höndum ráðamanna hverju sinni og þeim pólitísku ákvörðunum sem að þeir taka. Það er einlæg trú okkar og von sem að tónlistarskólanum standa að skólinn fái að eflast og blómstra og að flestir sem þess óska eigi möguleika á að stunda nám við skólann. En Róm var ekki reist á einum degi. Það tekur langan tíma að rækta tónlistarmenn. Ef við leggjum rækt við nemendur með réttum aðbúnaði, aðferðum, utanumhaldi og kærleika uppskerum við litskrúðugan og fjölbreyttan hóp sterkra blómstrandi einstaklinga sem allir vegir eru færir.

## **Tónlistarskólinn í Grindavík**

Ásabraut 2, 240 Grindavík

Sími 420 1130

[tonlistarskolinn@grindavik.is](mailto:tonlistarskolinn@grindavik.is)

<http://www.grindavik.is/tonlistarskoli>

**Skólastjóri:**

**Inga Þórðardóttir**